



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/201*  
*komudagur 19.11.2003*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis  
b.t. Evu M. Ævarsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. nóvember 2003

Sam 312/2003 PS/sp  
Tilv.: 215,0

### **Efni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. nóvember, var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 31. október 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 162. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þóður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda



# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 162. mál

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á frumvarpinu í samræmi við eftirfarandi athugasemdir en að öðrum kosti getur hún ekki mælt með samþykkt þess.

#### Almennt

Frumvarpið sem hér er til umsagnar er byggt á frumvarpi sama efnis sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti umsögn um frumvarpið á fundi 24. janúar 2003. Ýmsar athugasemdir við fyrra frumvarp hafa verið teknar til greina en aðrar ekki, og eru þær athugasemdir ítrekaðar eftir því sem við á. Jafnframt eru gerðar athugasemdir sem ekki hafa komið fram áður.

#### Kostnaður

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að sveitarfélögum verði tryggðar tekjur til að mæta þeim kostnaði sem af frumvarpinu hlýst. Auk þess sem í því felast eðlileg og nauðsynleg samskipti ríkis og sveitarfélaga þá er fjárframlag til sveitarfélaga grundvöllurinn að því að framkvæmd laganna verði eins og að er stefnt.

Frumvarpi þessu fylgir ekki kostnaðarmat. Ástæða þess er sú að frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi a.m.k. tvisvar áður og það er því ekki unnið að grunni til á því tímabili sem tilraunaverkefni um kostnaðarmat lagafrumvarpa og reglugerða umhverfisráðuneytisins nær yfir. Þrátt fyrir þetta er ljóst að frumvarpið felur í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög vegna aukinna og skýrari skyldna á sviðinu, einkum vegna starfsemi svæðisráða.

#### Um 1. gr.

Lagt er til að 2. mgr. orðist svo: *Þá er það markmið laganna að umhverfi sé komið í fyrra horf í kjölfar mengunaróhappa en verði því ekki við komið skulu viðbrögð við mengunaróhappi skapa aðstæður til þess að umhverfi nái fyrra horfi á sem skemmstum tíma.*

Núverandi orðalag er ekki nákvæmt og eðlilegt að birta undirmarkmið enda verður að telja ómögulegt í mörgum tilvikum að koma umhverfi til fyrra horfs, enda verða lífverur ekki lífgaðar við. Undirmarkmiðið er því að mengunarviðbrögð miðist við að umhverfi verði komið í það horf að það geti á sjálfbæran hátt náð fyrra ástandi.

#### Um 3. gr.

Lagt er til að skilgreining á bráðamengun verði rýmri, t.d.: *Mengun hafs og stranda sem krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða til að koma í veg fyrir eða stöðva mengunartjón.*

Núverandi skilgreining gerir þá kröfu að mengun verði skyndilega svo að um bráðamengun geti verið um að ræða. Það getur takmarkað þau tilvik sem um bráðamengun er að ræða án þess að þörf á aðgerðum sé minni en ef sama mengun hefði ekki orði skyndilega.

Lagt er til að hugtakið skip verði skilgreint svo: *Sérhvert fljótandi far nema annars sé getið.*

Breyta þarf skilgreiningu á hugtakinu skip. Mikilvægt er að skilgreiningin nái einnig til dýpkunarpramma og annarra fljótandi tækja, óháð notkun. Skilgreiningu þessa má m.a. finna í 2. gr. laga nr. 35/1993 um eftirlit með skipum og því er verið að leggja til samræmi í löggjöf.

#### **Um 7. gr.**

Lagt er til að 1. mgr. orðist svo: *Hver sá, sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands, ber fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.*

Framangreint ákvæði er að finna í 15. gr. nógildandi laga á þessu sviði, þ.e. laga um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er sagt að um hliðstætt ákvæði sé að ræða og 15. gr. nógildandi laga. Ljóst er að vafi hefur leikið á því hvort að 15. gr. sé hlutlæg bótaregla eða bótaregla byggð á sök. Miðað við orðalag nýja ákvæðisins er því ekki rétt að um hliðstætt ákvæð sé að ræða og því er nauðsynlegt að taka upp ákvæði samhljóða gildandi lagaákvæði.

#### **Um 11. gr.**

Tveir síðustu málsliðir 2. mgr. hljóði svo: *Hafnarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá og innheimta gjöld fyrir móttöku úrgangs og skolps í höfnum. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við veitingu þjónustunnar.*

Orðalag núverandi málsliða er ekki í samræmi við almennt orðalag þjónustugjaldaákvæða og getur að óbreyttu valdið vandkvæðum í framkvæmd.

#### **Um 13. gr.**

Lagst er gegn þeirri breytingu sem orðið hefur á frumvarpinu frá síðustu þingmeðferð um að skipa eigi fulltrúa atvinnulífsins í svæðisráð vegna bráðmengunar. Lagt er til að ml. 1. mgr. 13. gr. þar um falli niður. Verði ekki fallist á þetta er lagt til að fulltrúi atvinnulífsins verði áheyrnarfulltrúi og að kostnaður af þátttöku hans skuli greiddur af þeim sem tilnefna hann.

Svæðisráð er stjórnvald á sveitarstjórnarstigi sem hefur afmarkað hlutverk samkvæmt lögum á ákveðnu fagsviði. Rekstur þess skal borin af þeim sveitarstjórnnum sem skipa ráðið og bera þær einnig ábyrgð á starfsemi ráðsins. Það er ekki í samræmi við meginreglur íslenskra stjórnarsýslu ef að í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélaga sitji aðrir en þeir fulltrúar sem viðkomandi sveitarstjórnir velja til að gegna slíkum trúnaðarstörfum.

**Um 20. gr.**

Lagt er til að lokamálsliður 2. mgr. 20. gr. hljóði svo. *Við afgreiðslu málsins skal Umhverfisstofnun fara eftir tillögu viðkomandi sveitarstjórnar enda byggja afstaða sveitarstjórnarinnar á málefnalegum sjónarmiðum.*

Í greininni kemur fram að eigandi skips (loftfars) geti lagt fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að skipið skuli vera óhreyft þar sem það er og að við afgreiðslu málsins skuli Umhverfisstofnun hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag. Hugtakið samráð kemur víða fyrir í íslenskri löggjöf. Þó er hvergi að finna skilgreiningu á því í hverju það felst. Sambandið lítur svo á að með samráði sé átt við að aðilar komist að sameiginlegri niðurstöðu sem báðir eru sammála um eða í það minnsta sætta sig við. Í ljósi reynslunnar er þó ekki sjálfgefið að allir séu sammála þeirri túlkun. Hér verða hagsmunir og rödd heimamanna að ráða en ekki ríkisvaldsins og því er ofangreind tillaga sett fram.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 16. nóvember 2003.



---

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri